

Samkomulag
milli
Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu
og Dalbæjar, heimilis aldraðra

Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að kjarasamningur Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaðjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga með gildistíma 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 gildi fyrir félagsmenn Kjalar sem starfa á Dalbæ, heimili aldraðra.

Aðilar að samkomulagi þessu munu, ef þörf krefur, horfa til þeirra kjarasamninga sem SFV og Kjölur hafa gert á umliðnum árum vegna Dalbæjar, heimilis aldraðra, ef upp koma álitæfni þar sem úrlausn þeirra er ekki að finna í framangreindum kjarasamningi Kjalar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningsaðilar munu vinna að útgáfu heildarkjarasamnings sem byggður verður á framangreindum kjarasamningum. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu fyrir 31. mars 2025.

Samkomulagi þessu fylgir fundargerð sem gerð var samhliða samkomulagi þessu, þar sem kveðið er á um röðun starfsheita í launaflokka hjá Dalbæ, heimili aldraðra. Einnig er í fundargerðinni fjallað um breytingar á Félagsmannasjóði, gr. 13.10.1. Eru þær samhljóða lið 3 í fundargerð Samráðsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB frá 17. júlí 2024.

Akureyri og Dalvík, 8. október 2024 (rafræn undirritun)

F.h. Dalbæjar, heimilis aldraðra

F.h. Kjalar stéttarfélags

Fundargerð starfsmatsnefndar Dalbæjar, heimilis aldraða og Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu.8. fundur
Haldinn þann 11. september 2024. Fundurinn var símafundur.

Fundinn sátu:

Fulltrúi Kjalar: Arna Jakobína Björnsdóttir formaður

Fulltrúar Dalbæjar: Benedikt Snær Magnússon formaður stjórnar og Elísa Rán Ingvarsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri.

Útfærsla á starfaröðun þar sem horft er til niðurstöðu starfsmats sveitarfélaganna. Grein 1.2.1 í kjarasamningi.

Röðun starfsheita í launatöflu skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Starfsheiti	Launaflokkur var	Launafl. verður	Stiganiðurstaða til viðmiðunar	Ný stiga-niðurstaða
Aðhlyning	128	130	378 stig	391 stig
Aðstoð í matsal	128	128	378	378*
Deildarstjóri dagdvöl	133	143	423 stig	495 stig
Deildarstjóri handavinnu	133	136	423	420*
Félagliði	130	140	398 stig	470 stig
Húsumsjón og bílstjóri	128	130	373 stig	391 stig
Matráður I	133	136	420 stig	446 stig
Matráður	141	145	479 stig	505 stig
Starfsmaður á skrifstofu	128	128	374 stig	374 stig
Starfsmaður í félagsstarfi	128	128	374 stig	374 stig
Starfsmaður í dagdvöl		130		391 stig
Starfsmaður í handavinnu	128	128	378 stig	378 stig

Starfsmaður í þvottahúsi	126	128	344	378*
--------------------------	-----	-----	-----	------

Ofangreint gildir frá 1. janúar 2024

3. Félagsmannasjóður

Aðilar er sammála um að gr. 13.10 í kjarasamningi aðila breystist svo frá 1. apríl 2024:

13.10 FÉLAGSMANNASJÓÐUR

13.10.1 Félagsmannasjóður

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í Félagsmannasjóð sem nemur 2,2% af heildarlaunum starfsmanna. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins. Greinin gildir ekki um þá starfsmenn er njóta styrkja samkvæmt gr. 13.6.1